

# Persónuverndarstefna

## Stefnis hf.

---

### 1. Persónuverndarstefna Stefnis hf.

Starfsemi Stefnis felst í að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Í þessu felst meðal annars nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga.

Persónuverndarstefnan er byggð á ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Í eftirfarandi texta er að finna útskýringar á því hvaða persónuupplýsingum Stefnir safnar, í hvaða tilgangi söfnunin á sér stað, hver vörslutími upplýsinganna kann að verða, hvert upplýsingunum kunnir að verða miðlað og með hvaða hætti öryggi þeirra sé tryggt.

### 2. Ábyrgðaraðili

Stefnir hf. kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, er ábyrgðaraðili. Stefnir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Félagið starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hefur starfleyfi til sjóðastýringar, fjárfestingarráðgjafar og eignastýringar. Um starfsemi félagsins fer einkum samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið er skráð í fyrirtækjaskrá, firmaskrá og skrá FME um eftirlitsskylda aðila.

Nánari upplýsingar um starfsemi Stefnis hf. má finna á heimasíðu félagsins, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is) Allar fyrirspurnir um starfsemi félagsins má senda á [info@stefnir.is](mailto:info@stefnir.is)

### 3. Tegundir persónuupplýsinga

Þær tegundir persónuupplýsinga sem Stefnir vinnur einkum með eru fjármálaupplýsingar og almennar lýðupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið nauðsynleg á grundvelli samnings við viðskiptavin, ákvæða laga eða vegna lögmætra hagsmuna félagsins. Á Stefni hvílir einnig lagaskylda til að eiga tilgreind persónugreinanleg gögn, s.s. vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn peningabætti, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til opinberra aðila.

### 4. Tilgangur og heimild vinnslu persónuupplýsinga

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem þeir hafa óskað eftir, t.d. vegna framkvæmdar samnings eða til þess að uppfylla lagareglur sem gilda um þjónustuna eða vinnsluna.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga getur m.a. verið vegna framkvæmdar samnings eða lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna félagsins, einkum við að gæta öryggis upplýsingakerfa og þeirra gagna sem þar er unnið með. Ef upplýsinga er aflað frá þriðja aðila er það gert samkvæmt umboði viðskiptavinar og upplýst hvaðan upplýsingarnar stafa.

Ef Stefnir hyggst vinna persónuupplýsingar frekar og í öðrum tilgangi en lá til grundvallar við söfnun þeirra, og þess sem getið var að framan, verður viðkomandi aðili upplýstur um þann tilgang áður en vinnslan hefst, eftir því sem við á.

### 5. Geymslutími gagna

Stefnir geymir gögnin eins lengi og nauðsynlegt er, að teknu tilliti til tilgangs vinnslu og skilmála samninga, nema þegar lög eða reglur kveða á um lengri geymslutíma.

## 6. Miðlun persónuupplýsinga

Stefnir mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema félaginu sé það skylt samkvæmt lögum eða dómsúrskurði. Viðskiptavinur getur heimilað Stefni afhendingu persónuupplýsinga. Upplýsingarnar eru eftir atvikum sendar vinnsluaðila sem vinnur upplýsingarnar á vegum Stefnis eða sinnir tengdum verkefnum. Þeir sem veita upplýsingunum um viðskipta- og/eða einkamálefni viðskiptavina Stefnis eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um félagið.

## 7. Öryggi persónuupplýsinga

Rík skylda hvílir á Stefni að gæta öryggis þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með. Þá skyldur rækir Stefnir meðal annars með því að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, til dæmis hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er til staðar innra eftirlit með ofangreindu auk þess sem áhættumat félagsins sætir reglulegri endurskoðun.

## 8. Réttindi viðskiptavinar

Einstaklingur á rétt á að fara fram á að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra. Einnig á einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar.

## 9. Tengiliðir

Hægt er að hafa samband við Stefni hf. í síma 444 7400 eða með tölvupósti á [info@stefnir.is](mailto:info@stefnir.is)

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Stefnis með tölvupósti á [personuverndarfulltrui@stefnir.is](mailto:personuverndarfulltrui@stefnir.is) en hlutverk persónuverndarfulltrúar er að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðarinnar ESB nr 2016/679.

## 10. Uppfærsla persónuverndarstefnu

Stefni er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni. Allar breytingar á stefnunni verða birtar á vefsíðu Stefnis, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).

Samþykkt af stjórn Stefnis hf.

20. maí 2021

# Undirritunarsíða

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Guðfinna Helgadóttir

Jón Óttar Birgisson